

Athugasemdir við drög að frumvarpi um ný mannanafnalög

Mér sýnist að þessi lög muni verða mjög til bóta.

3. gr. Fullt nafn og birtingarnafn

Hér er ákvæði um að ekki megi afbaka hefðbundinn rithátt nafna. Líkast til er þetta ákvæði til ópurftar. Samkvæmt frumvarpsdrögum verða nanfgiftir í meginatriðum frjálsar. Menn geta t.d. gefið eða tekið sér „útlenskuleg“ nöfn eins og Eric og ný nöfn eins og Eiríg og það er líkast til snúið að greina á milli slíkra nafna og nafnmynda sem gætu talist fela í sér afbökun á hefðbundnum rithætti, t.d. Eirígur. Einlægast er því að fella þetta ákvæði brott úr drögum.

4. gr. Eiginnöfn

Nauðsynlegt er að halda í amaákvæðið, eins og lagt er til, en það er ekki alveg einfalt að framfylgja því svo að jafnræðis sé gætt. Úrskurðir um ama mega ekki ráðast af því hvaða starfsmaður Þjóðskrár er „á vakt“ hverju sinni. En líklega mun afar sjaldan reyna á þetta ákvæði og þess vegna er kannski ekki ástæða til að setja upp flókið regluverk í sambandi við ákvæðið.

5. gr. Kenninöfn

Það er til bóta að leyfa -bur sem viðlið, en ég sé reyndar ekki neina ástæðu til að leggja hömlur á viðliði. Vilji einhver t.d. nefna sig eða barn sitt Guðrúnarborn, Hannesarnið, Eiríkssystur eða Maríubróður finnst mér ekki ástæða til að amast við því. Yfirhöfuð tel ég að hvers konar kenninöfn eigi að vera heimil og að hverjum sem er eigi að vera frjálst að velja sér og börnum sínum hvaða kenninafn sem er (þó þannig að ekki teljist ami af). Vilji t.d. einhver sem er óskyldur Thoroddsensfólki kalla sig Thoroddsen á honum að vera það heimilt, að mínu mati. Þetta er líka í meginatriðum sú lausn sem lögð er til í drögum og er það vel. Þó er hér að finna ákvæði um að „erindið verði ekki afgreitt að svo stöddu ef ættartengsl eða vensl liggja ekki fyrir sem heimila notkun nafnsins“ og að Þjóðskrá skuli „þá birta þeim sem ber eða bera ættarnafnið, og eru lögráða, framangreinda beiðni á vefsíðunni Island.is, og tilgreina að ættarnafnið verði skráð hjá beiðanda ef stofnuninni berast ekki andmæli innan þriggja mánaða um að réttarins til ættarnafnsins verði gætt fyrir dómstólum.“ Ég held að þetta ákvæði sé til ópurftar. Samkvæmt lögum nr. 45/1996 um mannanöfn er rétturinn til að taka upp ættarnafn bundinn því að sýnt sé fram á „að ættingi í beinan legg hafi haft nafnið skráð í þjóðskrá við gildistöku mannanafnalaga haustið 1991 og síðar“, eins og það er orðað á heimasíðu Þjóðkrár. En þessi viðmiðun er auðvitað handahófskennd og það verður enn ljósara ef þessi drög verða að lögum. Verði það mætti ég t.d. ekki taka mér ættarnafnið Briem (þótt ég sé fjarskyldur Briemsfólki, aftur í öldum), a.m.k. ekki athugasemda- eða vandræðalaust, en væntanlega myndi ekkert hamla því að ég tæki upp ættarnafnið Brím, nú eða Briemari eða jafnvel Briemsfrændi.

Nú má vera að menn telji keypt ættarnöfn geta skapað nokkur vanda hér, en ég held að það séu óparfar áhyggjur. Réttarstaða slíkra nafna er afar óljós og sérstök vernd þeirra brýtur í bág við jafnræði. Ég er t.d. meðal annars ættaður af Vestfjörðum, en Vestfjörð er eitt af þessum keyptu ættarnöfnum, og ef þau eiga að njóta verndar tákna það væntanlega það að ég megi ekki taka mér ættarnafnið Vestfjörð athugasemda- eða vandræðalaust. Réttarstaða annarra ættarnafna, sem einfaldlega voru færð í þjóðskrá án lagaheimildar, er auðsæilega engin.

Að öllu samanlögðu er best og einfaldast að hafa engar hömlur á ættarnöfnum en treysta þess í stað á dómgreind og smekkvísi almennings.

Niðurlag

Ég átti sæti í nefnd þeirri sem samdi frumvarpið sem síðar varð að lögum nr. 45/1996 um mannanöfn og var formaður mannanafnanefndar um nokkurt skeið. Lögin leiddu til mjög aukins frelsis í mannanafnamálum – gengið var eins langt í þeim efnum og unnt var á þessum tímum. Frumvarpið mætti af þessum sökum afar harðri andspyrnu nokkurra áhrifamikilla þingmanna og mátti engu muna að það yrði fellt í þinginu. En tímarnir hafa breyst og þar með viðhorf almennings til mannanafna og sömuleiðis mín eigin viðhorf. Það er löngu kominn tími til að gerbreyta lögnum, eins og nú er lagt til. Við sem áttum sæti í frumvarpsnefndinni 1994–1996 lögðumst gegn ættarnöfnum, töldum þau vera ógn við íslenska kenninafnasiðinn. En þetta var missýn. Það er ótækt í nútímaþjóðfélagi að stjórna nöfnum, þar með töldum ættarnöfnum, með lagaboði nema að ákaflega takmörkuðu leyti. Eins og Eiríkur Rögnvaldsson bendir á í ágætri umsögn sinni um frumvarpsdrögin verður ekki betur séð en takmarkanir á notkun ættarnafna séu brot á 65. grein stjórnarskrárinnar þar sem segir m.a. að allir skuli „vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til [...] ætternis [...]“.

Verði þessi drög að lögum, nokkurn veginn óbreytt, er það fagnaðarefni og mikilsvert framfaraskref.

Halldór Ármann Sigurðsson